


Akureyrbær  
Anna Bragadóttir,  
fulltrúi skipulagsmála  
Geislagoðu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. apríl 2011  
Tilvísun: UST20110200064/ksj

## Akureyrbær Hlíðarfjall - skíðasvæði við Akureyri. Deiliskipulag - tillaga

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrbæjar er barst 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Hlíðarfalls - skíðasvæðis við Akureyri .

Væntanlegar framkvæmdir er skipulagið felur í sér, skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum, eru framkvæmdir er falla undir gr. 12 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 og eru því tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Deiliskipulag skíðasvæðisins fellur undir undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Tillaga að deiliskipulagi Hlíðarfalls – skíðasvæðis Akureyrar, nær til skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir nýjum skíðalyftum, þjónustumiðstöð, gistskálum og hótelum. Nýjar skíðaleiðir eru skilgreindar og gert er ráð fyrir nýju vatnssöfnunarloni til snjóframleiðslu. Skipulagssvæðið sem ofangreind deiliskipulagstillaga nær yfir er 675 ha að stærð og liggur svæðið frá 450 – 1150 m.y.s. Á svæðinu eru nú 14 mismunandi byggingar og 8 skíðalyftur.

### Skíðaleiðir

Í umfjöllun um skíðaleiðir kemur fram að leiðir sem ætlaðar eru fyrir skíðaiðkendur eru skilgreindar sérstaklega. Einnig kemur fram að: „*Leyfilegt er að móta og sléttu skilgreindar gönguskíðaleiðir í þágu gönguskíðaíþróttarinnar eftir því sem þörf er á. Hámarks breidd raskaðs svæðis göngubrauta er 8 m og óheimilt er að raska svæði umfram það. Gera má ráð fyrir einhverju gróður- og jarðvegsraski við slíkar aðgerðir. Röskuð svæði skulu grædd upp jafn óðum eins og við á með sáningu.*“

Þar sem skíðasvæðið er á hverfisvernduðu svæði vill Umhverfisstofnun benda á að mikilvægt er að svæðin séu grædd upp með tegundum sem eru nú þegar á svæðinu, svo nýgræðsla verði hluti af þeim gróðri sem fyrir er. Þar sem skíðasvæðið liggur hátt í landi eða í 450 m – 1150 m yfir sjávarmáli bendir Umhverfisstofnun á að skv. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, er: „*Öll ræktun útlendra tegunda hérlandi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“

Í umhverfisskýrslu um deiliskipulagstillöguna kemur fram að heimilt sé að reisa frekari raflýsingi í þágu gönguskíðaíþróttarinnar við skíðaleiðir. Ekki kemur fram í umhverfisskýrslu

hvernig staurar verði notaðir við raflýsingu á svæðinu en Umhverfisstofnun bendir á að staurar með galvanhúð innihalda þungmálma sem berast út í umhverfið og geta valdið gróðurskemmdum og jafnvel borist í grunnvatn. Umhverfisstofnun bendir því á að ekki er æskilegt að nota galvanhúðaða staura, a.m.k. ekki nærrí viðkvæmum vistkerfum s.s. í gróðurlendi og nálægt ferskvatni.

Stofnunin leggur einnig áherslu á það að gönguskíðabraudir séu lagðar þannig að þær falli sem best að landslagi og að undirlagi þeirra sé ekki raskað meira en kostur er.

Þessar ábendingar stofnunarinnar um göngubraudir gilda einnig um skíðaleiðir.

### **Snjóframleiðslukerfi**

Í umfjöllun um snjóframleiðslukerfi fyrir skíðasvæðið kemur fram að söfnunar- og birgðalón sem er 5000 m<sup>2</sup> er staðsett í hlíðinni suður af neðri endastöð númerandi stólalyftu. Rúmtak þess lóns er um 9000 m<sup>3</sup> og er ætlunin að hækka bakka lónsins og auka rúmtak þess í allt að 20.000 m<sup>3</sup>. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir öðru söfnunar- og birgðalóni um 100 m suður af neðri endastöð fyrirhugaðrar stólalyftu, að hámarksstærð lónsins verði 10.000 m<sup>2</sup> og að hámarksrúmtak væntanlegs lóns verði 40.000 m<sup>3</sup>. Að mati Umhverfisstofnunar skortir umfjöllun um gerð bakka lónanna, þ.e. efni og uppyggingu, og sjónræn áhrif. Einnig telur Umhverfisstofnun að fram ætti að koma í umhverfisskýrslu hvort fyrirhugað sé að nota íblöndunarefni við framleiðslu á snjó á svæðinu en skíðasvæðið er staðsett mjög nálægt vatnsverndarsvæði og liggja skíðagöngubraudir yfir grannsvæði þess. Umhverfisstofnun telur því að ekki eigi að nota íblöndunarefni við snjóframleiðslu á svæðinu.

### **Gistiskálar**

Gert er ráð fyrir tveimur lóðum á deiliskipulagssvæðinu undir gistiskála, norðan Skíðastaða. Þar er heimilt að reisa 28 gistiskála. Húsín skulu vera með timburklæðingu í náttúrulegum litum. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 35. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þá skal þess gætt að mannvirki falli sem best að svípmóti lands og á það við um öll fyrirhuguð mannvirki á deiliskipulagssvæðinu.

### **Áhrif á landslag**

Í umhverfisskýrslu er talið að áhrif skipulagsáætlunarinnar verði nokkuð óljós. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif á gróður nokkuð skýr þar sem göngubraudir og skíðaleiðir eru teiknaðar upp á korti. Umhverfisstofnun ítrekar ofangreint að þess sé gætt við uppgræðslu að nota staðbundnar tegundir svo áhrif rasks á gróðurfar verði sem minnst. Í umhverfisskýrslu er ekki fjallað um sjónræn áhrif af völdum söfnunar- og birgðalóna, en samkvæmt skipulagsáætluninni á að hækka veggi númerandi lóns svo að rúmtak þess rúmlega tvöfaldist. Að mati Umhverfisstofnunar þyrti að skoða umhverfisáhrif eldra og nýja lónsins sem áætlað er að reisa. Miðað við staðir og rúmtak ættu veggjahæðir lónanna að vera það miklar að sjónræn áhrif eru óhjákvæmileg. Í umfjöllun um landslag og sjónræn áhrif kemur einnig fram að áhrifin eru talin óveruleg þar sem svæðið er langt frá byggð. Að mati Umhverfisstofnunar þá hafa mannvirkjaframkvæmdir í flestum tilfellum tölverð sjónræn áhrif og að mati stofnunarinnar þyrti að athuga hver sjónrænu áhrifin eru á ferðamenn og skíðamenn sem koma á svæðið til að njóta útvistar og fjallasýnar.

### **Samantekt og niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar mun deiliskipulag skíðasvæðis hafa neikvæð áhrif á gróður, og er mikilvægt að vel verði staðið að uppgræðslu og staðbundnar tegundir notaðar. Að mati Umhverfisstofnunar skortir umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum söfnunarlóna sem skv. áætlun á að byggja á svæðinu og eldra lóns sem áætlunin gerir ráð fyrir að verði gert meira

að rúmtaki. Umhverfisstofnun bendir einnig á að galvanhúðaðir staurar innihalda þungmálma sem berast út í umhverfið og geta valdið gróðurskemmdum og jafnvel borist í grunnvatn. Ekki kemur fram í greinargerð hvort íblöndunarefnni verði notuð við snjóframleiðslu en Umhverfisstofnun telur að varast eigi slík efni m.a. vegna vatnsverndar. Stofnunin ítrekar einnig að þess sé gætt að mannvirkir falli sem best að svipmóti lands

Að framansögðu þá gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarylst

Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir